



**Lánasjóður sveitarfélaga ohf.**

**Útgefandalýsing**

**Ágúst 2022**

## **EFNISYFIRLIT**

1	Ábyrgir aðilar .....	2
1.1	Yfirlýsing útgefanda .....	2
1.2	Staðfesting .....	2
2	Endurskoðendur .....	2
3	Áhættupættir.....	2
3.1	Útlánaáhætta .....	3
3.2	Mótaðila- og gengisáhætta .....	3
3.3	Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta .....	3
3.4	Lausafjár- og fjármögnunaráhætta .....	4
3.5	Rekstraráhætta .....	4
3.6	Starfsmannaáhætta .....	4
3.7	Lagaleg áhætta.....	4
3.8	Eiginfjártýring .....	4
4	Upplýsingar um útgefanda .....	4
5	Yfirlit yfir starfsemi .....	4
5.1	Ágrip af sögu .....	5
5.2	Stjórnarhættir .....	5
5.3	Frávik frá reglum um stjórnarhætti.....	5
5.4	Áhættustýring og stjórnskipulag .....	6
5.5	Endurskoðunarnefnd .....	6
6	Upplýsingar um þróun .....	6
7	Stjórn og framkvæmdastjórn .....	6
8	Hlutafé .....	7
9	Dómsmál og mikilvægir samningar.....	7
10	Upplýsingagjöf samkvæmt regluramma .....	7
11	Tiltæk skjöl .....	8



## 1 ÁBYRGIR AÐILAR

### 1.1 Yfirlýsing útgefanda

Útgefandalýsing þessi ásamt verðbréfalýsingu dagsettri 17. ágúst 2022 mynda grunnlýsingu Lánsjóðs sveitarfélaga ohf. sbr. 8 gr. reglugerðar 2017/1129 og í henni vísar „Lánsjóðurinn“ og „sjóðurinn“ til Lánsjóðs sveitarfélaga. Stjórn og framkvæmdastjóri Lánsjóðsins bera ábyrgð á útgefandalýsingu þessari og lýsa því yfir að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreynir og að engum upplýsingum er sleppt sem gætu haft áhrif á áreiðanleika hennar. Jafnframt er Lánsjóður sveitarfélaga ohf. kt. 580407-1100 umsjónaraðili með töku skuldabréfa útgefnum af sjóðnum til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland hf.

Reykjavík, 17. ágúst 2022  
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

Fyrir hönd stjórnar Lánsjóðs sveitarfélaga ohf.  
  
Kristinn Jónasson, stjórnakormaður

Fyrir hönd Lánsjóðs sveitarfélaga ohf.  
  
Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri

### 1.2 Staðfesting

Útgefandalýsing þessi hefur verið staðfest af Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“) sem er lögbært yfirvald samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1129. Fjármálaeftirlitið hefur staðfest útgefandalýsinguna í þeim skilningi að hún uppfyllir þær kröfur um að vera fullnægjandi, skiljanleg og samkvæm sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2017/1129 en ekki ber að lita á sílka staðfestingu sem stuðning við útgefandann sem viðkomandi útgefandalýsing varðar. Útgefandalýsingin er samin sem hluti af einfaldaðri lýsingu og uppfyllir skilyrði 6. viðauka framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/980.

## 2 ENDURSKOÐENDUR

Í samræmi við lög um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir Lánsjóðsins skal kjósa endurskoðunarfélag á aðalfundi. Endurskoðandi sjóðsins skal jafnán hafa aðgang að öllum góðnum og skjólum sjóðsins í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006. Á aðalfundi sjóðsins þann 17. apríl 2015 var PricewaterhouseCoopers ehf. (PWC) kosið endurskoðunarfélag Lánsjóðsins til 5 ára og endurskoðandi Arna Guðrún Tryggvadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggildra endurskoðanda (FLE). Á aðalfundi sjóðsins þann 12. júní 2020 var samþykkt að framlengja samningi við PWC og Örnu Guðrún Tryggvadóttur endurskoðanda, um 2 ár. PWC og Arna Guðrún Tryggvadóttir sjá um endurskoðun og áritun á ársreikningum Lánsjóðsins fyrst vegna ársins 2005 til að lokum vegna ársins 2021, auk könnun og áritun á árshlutareikningum þess tímabils. Samkvæmt lögum um endurskoðendur og endurskoðun nr. 94/2019, þá má kjósa endurskoðanda eða endurskoðandafélag til a.m.k. eins árs, þó aldri lengur en til tíu ár. Í ljósi þessa tímaramma sem kveðið er á um í lögum nr. 94/2019, ákváð stjórn Lánsjóðsins að leggja til á síðasta aðalfundi sjóðsins þann 1. apríl 2022, að kjósa KPMG ehf., til heimilis að Borgartúni 27, 105 Reykjavík, sem endurskoðunarfélag Lánsjóðsins til næstu 5 ára í samræmi við gildandi lög. Fyrir hönd KPMG mun Hrafnhildur Helgadóttir, löggildur endurskoðandi og félagi í Félagi löggildra endurskoðanda (FLE) endurskoða og árita ársreikninga, fyrst vegna ársins 2022 og kanna og árita árshlutareikninga Lánsjóðsins, fyrst 30. júní 2022. Sjóðurinn gerir uppgjör sín samkvæmt IFRS alþjóðlegum reikningsskilastöðum og birtir þær upplýsingar sem krafist er í samræmi við þá staðla.

## 3 ÁHÆTTUPÆTTIR

Sem lánavfyrirtæki stendur Lánsjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af megin verkefnum stjórnenda hans er að meta þá áhættu, stýra henni og halda innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættubátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánsjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi af sér alla þá atburði sem hent geta í rekstrarumhverfi hans.

Stjórn ber ábyrgð á áhættustefnu Lánsjóðsins og skilgreinir áhættuvilja. Stjórn Lánsjóðsins samþykkir reglur um framkvæmd áhættustýringar, hefur eftirlit með því að reglunum sé framfylgt og tryggir að innri ferlar vegna áhættustýringar séu yfirfarnir. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánsjóðsins gagnvart stjórninni.

Lánsjóðurinn er milligönguaðili milli íslenskra sveitarfélaga, fyrirtækja þeirra og stofnana annars vegar, og fjármálamarkaða, innlendra sem erlendra, hinsvegar. Meginhlutverk Lánsjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána og/eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Útlánaáhætta er því helsti áhættubátturninn í rekstri sjóðsins en áhættubættir eins og lausafjáráhætta, mótaðilaáhætta og rekstrarhætta koma einnig til í starfseminni. Markaðsáhætta er halddi í lágmarki en hún er þó meðal annars til staðar í formi vaxtaáhættu og gjaldmiðlaáhættu.

Áhættubættir sem eru sértækir fyrir Lánsjóðinn og geta haft áhrif á getu hans til að uppfylla skyldur sínar vegna skuldabréfanna er lýst nánar hér að neðan. Í hverjum flokki eru tilteknir þeir áhættubættir sem eru alvarlegastir m.t.t. hugsanlegra neikvæðra áhrifa. Þá er áhættustýringu og innri reglum lýst sem sporna gegn yfirfandi áhættu. Alvarlegustu áhættubættirnir m.t.t. mögulegra neikvæðra áhrifa á Lánsjóðinn eru taldir upp fyrst.

### 3.1 Útlánaáhætta

Útlánaáhætta Lánaþjóðsins er bundin við íslensk sveitarfélög og ríkissjóð. Lánaþjóðurinn lánar eingöngu sveitarfélögum sem og fyrirtækjum og stofnunum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Skilyrði fyrir langtímalánveitingum til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra gagnvart sjóðnum.

Sveitarfélög eru nú 64 talsins en þann 31. desember 2021 voru 56 þeirra lántakendur hjá Lánaþjóðnum ásamt 50 félögum og byggðasamlögum í þeirra eigu. Sveitarstjórnarlögin mynda traustan ramma um starfsemi sveitarfélaganna, m.a. geta íslensk sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota en ákvæði eru í lögunum um aðkomu ríkisvaldsins ef fjárhagslegir erfiðleikar koma upp hjá sveitarfélagi. Sveitarfélög eru reynst traustir greiðendur og hefur aldrei orðið tap á útláni frá því að Lánaþjóðurinn hóf starfsemi árið 1967.

Í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlag nr. 138/2011 er sveitarfélögum heimilað að veita Lánaþjóðnum veð í tekjum sínum sem tryggingu fyrir lánum sem þau taka hjá sjóðnum og ábyrgðum sem það veitir. Eitt af skilyrðum fyrir veitingu langtímalána er að viðkomandi sveitarfélag/sveitarfélög veiti Lánaþjóðnum slíkt veð. Skammtímalán er veitt án veðs en skammtímalán eru einungis veitt þegar lánsloforð fyrir langtímaláni liggar fyrir. Þann 31. desember 2021 voru öll útlán til sveitarfélaga og fyrirtækja í þeirra eigu með veð í tekjum sveitarfélaga.

Fjárhæð útlánaáhætta sem til verður með veitingu útlána kemur fram í bókfræðu virði útlánaðasafnsins í efnahagsreikningi. Farið er yfir lánsumsóknir með tilliti til þess hvort lántaki uppfylli skilyrði til lánveitingar og enn fremur hvort verkefnið sem fjármagna á hafi almenna efnahagslega þýðingu. Ítarlegt mat er framkvæmt á umsakjendum og ábyrðaraðilum þeirra, stöðu þeirra og þróunarmöguleikum. Öll lánamál koma til kasta stjórnar, annaðhvort til ákvörðunar eða kynningar.

Í samræmi við reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) nr. 233/2017 telst áhættuskuldbinding fjármálaþyrtækis vegna einstaks viðskiptamanns eða hóps tengdra viðskiptamanna vera stór áhættuskuldbinding ef hún nemur 10% eða meira af hæfu fjármagni að teknu tilliti til frádráttar. Í árslok voru engar áhættuskuldbindingar gagnvart viðskiptavinum flokkadar sem stórar áhættuskuldbindingar hjá Lánaþjóðnum. Útlán til sveitarfélaga eru skilgreind sem stórar áhættuskuldbindingar í samræmi við reglugerð nr. 233/2017 ef heildarskuldbindingar gagnvart einu sveitarfélagi (og dótturfélögum sveitarfélagsins) að teknu tilliti til frádráttar fara yfir 10% af eiginfjárgrunni. Vegna ákvörðunar Lánaþjóðsins að nýta sér mildunarákvæði vegna lána til sveitarfélaga sem tryggt eru með veði í tekjum, þá fá umræddar áhættuskuldbindingar áhættuvog eins og íslenska ríkið, þ.e. 0% vegna lána í íslenskum krónum. Án fullrar mildunnar væru átta áhættuskuldbindingar til staðar hjá Lánaþjóðnum í lok árs 2021 en voru sex í árslok 2020. Kröfur og ábyrgðir 10 staðstu sveitarfélaga eru 70% af útlánaðasafni. 15 sveitarfélög teljast til stórra áhættuskuldbindinga án mildunar og eru kröfur og ábyrgðir þeirra 81% af útlánaðasafni. Hámarksáhætta, skv. lögum um fjármálaþyrtækni nr. 161/2002, á einn viðskiptamann eða hóp viðskiptamanna má ekki fara upp fyrir 25% af eiginfjárgrunni sjóðsins.

Lánaþjóðurinn er í eigu íslenskra sveitarfélaga og lánar hann eingöngu til sveitarfélaga og fyrirtækja og stofnana sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs. Veð í tekjum viðkomandi sveitarfélags er skilyrði fyrir veitingu langtímalána, hvort sem um er að ræða lánveitingu til sveitarfélagsins beint eða fyrirtækis alfarið í eigu sveitarfélagsins. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eru eigendur dótturfyrirtækisins er skilyrði að þau öll veiti ábyrgð á láninu með veitingu veðsins. Útlánaáhætta snýr því einkum að því að eitt eða fleiri sveitarfélög lendi í greiðsluerfiðleikum, þ.e. að greiðslum seinki eða reyna þurfi á veðið eins og dæmi er um.

### 3.2 Mótaðila- og gengisáhætta

Lánaþjóðurinn ávaxtar lausafé sitt annars vegar í fjármálagerningum gefnum út af íslenska ríkinu og hins vegar í fjármálagerningum gefnum út af innlendum fjármálastofnum, þ.e. bundnum innlánnum, víxlum, hlutdeildarskíteinum í skammtímasjóðum og sértryggðum skuldabréfum. Mótaðilaáhætta utan útlánaáhætta er því takmörkuð við ríkissjóð og innlendar fjármálastofnanir sem hafa starsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Tapsáhætta vegna greiðsluflalls eða gjaldþrota innlendra fjármálastofnana er til staðar en Lánaþjóðurinn hefur í innri reglum sett hámarks viðmiði varðandi mótaðilaáhætta gagnvart hverjum einstökum aðila. Þá skal lestu ársreikninga viðkomandi fjármálastofnar standast skoðun starfsmanna Lánaþjóðsins.

Þróun á fjármálamörkuðum hefur áhrif á ávöxtun eigin fjár (þ.e. lausafé) Lánaþjóðsins. Gengisáhætta er til staðar í þeim fjármálagerningum sem fjárfest er í hverju sinni og leitast sjóðurinn við að lágmarka áhætta af gengistapi með því að fjárfesta með varfærnum hætti á fjármálamarkaði í samræmi við eigin fjárværingarreglur. Stjórn yfirfer og samþykkir fjárværingarreglur á hverju ári en í þeim eru skilgreindir þeir flokkar fjármálagerninga sem heimilt er að fjárfesta í. Þá er kveðið á um að sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta í hlutabréfum, hrávorum eða fjármálagerningum sem tengdir eru verðþróun á þeim.

### 3.3 Vaxta-, verðbólgu- og gjaldeyrisáhætta

Varðandi vaxtaáhætta er stefna sjóðsins að halda jafnvægi á milli eftirstöðvatíma vaxtaberandi eigna og skulda og einnig fastra og breytilegra vaxta. Útlán eru því að öllu jöfnu á sömu grunnkjörum og fjármögnum þeirra að því er varðar lánstíma, endurgreiðsluferil, vaxtakjör, vaxtagreiðsludaga og endurskoðunardaga vaxtaálags. Þá eru verðþryggð og óverðþryggð lán sem veitt eru af eigin fé með breytilegum vöxtum sem í dag breytast ársfjórðungslega byggt á ávöxtunarkröfu útboða sjóðsins aust álags.

Verðbólguáhætta er haldið í lágmarki með ofangreindri stefnu þar sem jákvæðum verðbólgujöfnuði er haldið á milli verðþryggðra eigna og verðþryggðra skulda. Aukin verðbólga raskar því ekki greiðsluflæði á neikvæðan hátt og rýrir ekki eigið fé sjóðsins.

Sem lánaþyrtækni er Lánaþjóðnum skylt að fylgja reglum Seðlabanka Íslands 784/2018 um gjaldeyrisjöfnuð. Stefna Lánaþjóðsins varðandi gjaldmiðlaáhætta er að gjaldeyrisjöfnuður sjóðsins taki mið af og skal að svo miklu leyti sem unnt er, innan þeirra reglna, vera í réttu hlutfalli við hlutfall erlendra eigna af efnahag.

### **3.4 Lausafjár- og fjármögnumnaráhætta**

Lausafjáráhætta er hættan á að Lánaþjóðurinn geti ekki staðið við skuldbindingar sinar þegar þær gjaldfalla. Lánaþjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjártöðu og fjármögnum og er þeim ætlað að tryggja og viðhalsa sveigjanleika. Meginreglan er að gefa ekki bindandi lánsloforð til væntanlegra lántaka fyrr en fjármögnum þeirra lána liggur fyrir. Þá er hluta af eigin fé haldið í ávoxtun til skamms tíma til að tryggja stöðugan aðgang að lausu fé og sveigjanleika.

Til að lágmarka hættuna á lausafjárskorti er það stefna Lánaþjóðsins að eiga nægt laust fé til að standa við skuldbindingar í a.m.k. 6 mánuði án þess að fá ný lán. Einnig tryggar þetta að sjóðurinn getur lánað af eigin fé sínu þegar aðstæður kalla á slikt. Þar sem jafnvægi ríkir á milli vaxtaberandi eigna og skulda stafar sjóðnum takmörkuð hætta af lausafjárskorti þar sem greiðsluflæði er jákvætt á öllum tímabilum.

### **3.5 Rekstraráhætta**

Varðandi rekstraráhætta er stefna Lánaþjóðsins að hafa skriflega og skýra verkferla varðandi alla helstu starfsþætti í rekstrinum og vinna með stöðluð form lánssamninga. Þá hefur stefna Lánaþjóðsins verið að útvista skrifstofu- og bókhaldspjónustu og dreifa verkþáttum þannig á fleiri hendur til að draga úr áhættu. Rekstur Lánaþjóðsins er tiltölulega einfaldur og rekstraráhætta því takmörkuð. Fjöldi viðskiptavina er takmarkaður og þeir einsleitir.

### **3.6 Starfsmannaáhætta**

Lánaþjóðurinn er í dag með þrjá fasta starfsmenn, framkvæmdastjóra, lánastjóra og starfsmann fjárvíðingar. Jafnframt hefur Lánaþjóðurinn gert þjónustusamning við Samband íslenskra sveitarfélaga („sambandin“) um kaup á ýmis konar þjónustu af sambandinu. Fyrirhugað er að framhald verði á rekstrarsamvinnu Lánaþjóðsins og sambandsins.

### **3.7 Lagaleg áhætta**

Lánaþjóðurinn starfar eftir lögum nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga, lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Lánaþjóðurinn getur ekki borið ábyrgð á lagabreytingum, niðurstöðu dómstóla eða ákvörðunum stjórnvalda.

Lagaleg áhætta felst meðal annars í því að lögum um Lánaþjóðinn yrði breytt og heimild um að veita mætti sjóðnum veð í tekjum sveitarfélaga yrði afturkölluð. Ómögulegt er að tölusetja þessa áhættu og er það eðli sjóðsins að lifa með henni.

Samkvæmt íslenskum sveitarstjórnarlögum geta sveitarfélög ekki orðið gjaldþrota. Það telst því harla ólíklegt að Lánaþjóðurinn þurfi að afskrifa lán sveitarfélaga þó vissulega geti orðið seinkun á greiðslum til sjóðsins ef sveitarfélag hættir að greiða af skuldum sínum eða seinkar greiðslum. Ef fjárhaldsstjórn er skipuð tekur hún allar ákváranir um greiðslur úr sveitarsjóði sem getur haft sömu áhrif.

### **3.8 Eiginfjárvíðing**

Markmið með stýringu á eigin fé samkvæmt áhættustýringarreglum sjóðsins er að sjóðurinn hafi ávallt yfir að ráða nægu eigin fé til að vega á móti undirliggjandi áhættupáttum í rekstri sjóðsins. Eiginfjárvíðingur sjóðsins samanstandur eingöngu af hlutafé, lögbundnum varasjóði og óráðstöfuðu eigin fé (almennt eigið fé).

## **4 UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA**

Lög- og viðskiptaheiði útgefanda er Lánaþjóður sveitarfélaga ohf. Kennitala sjóðsins er 580407-1100 og LEI númer er 21380021F266ITSZ8939. Skráningarstaður útgefanda er Reykjavík, Íslandi. Lögheimili útgefanda er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík, Íslandi. Sími á skrifstofu félagsins er 515-4900 og almennt netfang er [lanasjodur@lanasjodur.is](http://lanasjodur@lanasjodur.is). Slóð á vefsíðu félagsins er [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is) en efni vefsíðunnar er ekki hluti af útgefandalýsingu þessari. Lánaþjóður sveitarfélaga var stofnaður með lögum árið 1966. Með lögum nr. 150/2006 var Lánaþjóðurinn gerður að opinberu hlutafélagi og var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007. Lánaþjóðurinn starfar eftir lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og eftir lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki.

Í 3. gr. samþykktu Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. kemur fram að tilgangur félagsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé til verkefna, sem hafa almenna efnahagslega þýðingu, á hagstæðum kjörum, svo og önnur fjármálfyrirtæsta við sveitarfélög og önnur starfsemi sem rekin verður í eðlilegum tengslum við meginþátt félagsins. Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga er að þau séu alfarid í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóð sem ábyrgjast skuldbindingar þeirra gagnvart félagini.

## **5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI**

Lánaþjóðurinn er lánaþjóðurinn sem starfar eftir hlutafélagalögum, lögum um fjármálfyrirtæki og er undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum, stofnunum þeirra og fyrirtækjum lánsfé á hagstæðum kjörum með veitingu lána eða ábyrgða. Útlán hans takmarkast þó við verkefni sem hafa almenna efnahagslega þýðingu.

Jafnframt er það markmið sjóðsins að skapa öfluga samkeppni á lánsfjármálaeftirlitsins. Meginhlutverk sjóðsins er að tryggja íslenskum sveitarfélögum bjóðast frá öðrum lánveitendum til lækkunar.

Lánaþjóðurinn er opinbert hlutafélag í eigu íslenskra sveitarfélaga. Heildarnafnverð hlutafjár er 5.000.000.000 kr.



## 5.1 Ágrip af sögu

Þann 15. apríl 1966 samþykkti Alþingi lög um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 35/1966. Samkvæmt lögnum er hlutverk sjóðsins að veita sveitarfélögum stofnlán til nauðsynlegra framkvæmda eða fjárfestinga, veita þeim aðstoð við öflun stofn- og rekstrarlána, annast samninga við láanastofnanir um baett lánakjör, veita skuldbreytingalán við ákveðnar aðstæður og stuðla að því að sveitarfélög verði traustir og skilvísir lántakendur.

Gerðar voru breytingar á lögum sjóðsins með lögum nr. 99/1974 þar sem framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga var ákveðið 5% og framlag ríkissjóðs 2,5% af heildartekjum jöfnunarsjóðsins. Jafnframt voru skuldabréf, sem Lánaþjóðurinn tekur og veitir, undanþegin stimpilgjöldum. Lánaþjóðurinn er undanþeginn greiðslu á tekjuskatt og fjármagnstekjuskatt með ákvæðum í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og ákvæði í lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996 um undanþágu Lánaþjóðsins frá greiðslu slikefta skatta. Með lögum um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 136/2004 voru framlög til Lánaþjóðsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og ríkissjóði felld niður og frá þeim tíma eru vaxtatekjur af útlánum og öðrum fjáreignum meginkeystofn Lánaþjóðsins.

Á árinu 2004 vann stjórn Lánaþjóðsins að undirbúningi að breytingum á starfsemi Lánaþjóðsins. Markmið breytinganna var:

- Efling Lánaþjóðsins með það að markmiði að lækka fjármagnskostnað sveitarfélaga.
- Aðlögn á starfsemi hans að almennum rekstrarskilyrðum á fjármálamarkaði.
- Að æðsta vald i málefnum sjóðsins yrði fært í hendur sveitarfélaga.

Að frumkvæði stjórnarinnar, í samvinnu við félagsmálaráðherra, var unnið frumvarp til nýrra laga um Lánaþjóðinn sem varð að lögum í árslok 2004 og voru löginn nr. 136/2004. Helstu nýmæli í lögnum var að:

1. Lánaþjóðurinn er lánaþyrtækni samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki og starfar eftir þeim lögum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Lánaþjóðurinn er í sameiginlegri eigu sveitarfélaga.
2. Afskiptum ríkisins af Lánaþjóðnum er lokið nema varðandi slit, sameiningu eða formbreytingu. Slikar breytingar verða ekki gerðar nema með lögum.
3. Lánaþjóðnum er heimilt að lána fyrirtækjum og stofnum sem eru alfarið í eigu sveitarfélaga eða sveitarfélaga og ríkissjóðs gegn ábyrgð eigenda auk lána til sveitarfélaganna sjálfa.
4. Framlög úr ríkissjóði til Lánaþjóðsins falla formlega niður, en þau hafa ekki verið greidd síðan árið 1983.
5. Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Lánaþjóðsins falla niður.
6. Æðsta vald i málefnum Lánaþjóðsins er í höndum fulltrúa þeirra sem sveitarfélöginn kjósa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. Samþykktir Lánaþjóðsins taka mið að samþykktum hlutafélaga eftir því sem tök eru á.
8. Stjórn Lánaþjóðsins setur útlánareglur þannig að þær verða ekki lengur ákveðnar með lögum.

Í desember 2006 voru síðan samþykkt á Alþingi ný lög um stofnun opinbers hlutafélags um Lánaþjóð sveitarfélaga nr. 150/2006. Var stofnfundur félagsins haldinn þann 23. mars 2007 og 14. september sama ár fékk hið nýja félag starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu sem lánaþyrtækni. Að fengnu starfsleyfi yfirtók félagið rekstur Lánaþjóðs sveitarfélaga og lög nr. 136/2004 felli úr gildi.

## 5.2 Stjórnarhættir

Stjórn Lánaþjóðsins ber ábyrgð á, í samræmi við 54. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002, að stjórnarhættir og innra skipulag stuðli að skilvirkum rekstri, aðskilnaði og komi í veg fyrir hagsmunárekstra. Stjórn Lánaþjóðsins leitast við að viðhalda góðum stjórnunaráttum og fylgi „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út. Síðustu ár hefur Lánaþjóðurinn fengið viðurkenningu sem Fyrirmynndarfyrirtæki í góðum stjórnunaráttum frá Stjórnvísi. Lánaþjóðurinn birtir stjórnarháttayfirlýsingu samhlíða ársreikningi á vefsíðu sinni. Stjórn Lánaþjóðsins hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verkefni eru skilgreind. Í þessum reglum er meðal annars að finna reglur um boðun stjórnarfunda, lögmæti ályktana, reglur um fundarsköp, vanhæfiðstærður og hagsmunatengsl, verksvið gagnvart framkvæmdastjóra og fleira. Starfsreglur stjórnar voru síðast samþykktar á stjórnarfundi þann 29. júní 2022 en þær eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins ([www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is)).

## 5.3 Frávik frá reglum um stjórnarhætti

Í fjármálfyrirtæki skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun skv. lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002. Fjármálaeftirlitið getur veitt undanþáguheimild með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar. Lánaþjóðurinn hefur fengið slika undanþágu frá rekstri endurskoðunardeilda samkvæmt leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 2/2011. Í þeim tilmælum er kveðið á um hvernig innri endurskoðun skal fara fram og er aðalhlutverk innri endurskoðunar að fylgjast með starfseminni til að tryggja að reglum sé framfylgt í samræmi við samþykktir stjórnarinnar. Stjórn Lánaþjóðsins gerir samning um árlega úttekt á innra eftirliti Lánaþjóðsins í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins til að framfylgja ofangreindu hlutverki. Grant Thornton endurskoðun ehf. hefur verið ráðið til að sjá um innri endurskoðun á Lánaþjóðnum frá árinu 2022.

Viðskiptaráð Íslands hvetur til þess að stjórn skipi sérstaka starfskjaranefnd til að setja félaginu starfskjarastefnu og semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn, eigi þeir sæti í stjórn, um laun og önnur starfskjör. Stjórn Lánaþjóðsins ákvað að setja ekki á



fót sérstaka starfskjaranefnd í ljósi þess að einungis þrír starfsmenn starfa hjá sjóðnum auk þess sem laun starfsmanna eru tengd við launakjör starfsmanna Sambands íslenskra sveitarfélaga.

#### 5.4 Áhættustýring og stjórnskipulag

Sem lánaþyrtaðki stendur Lánaþjóðurinn í rekstri sínum frammi fyrir ýmsum tegundum áhættu. Eitt af meginverkefnunum stjórnenda hans er að sjá til þess að áhætta sé metin, henni stýrt og haldið innan fyrirfram skilgreindra marka. Þættir í skilvirkri áhættustjórnun eru greining helstu áhættubáttá, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og reglubundið eftirlit. Markmið áhættustýringar Lánaþjóðsins er að tryggja að sjóðurinn standi undir öllum kringumstæðum af sér alla þá atburði sem hent geta í umhverfi hans. Stjórn Lánaþjóðsins setur reglur um áhættustýringu hans og ber ábyrgð á því gagnvart eigendum að þeim sé fylgt. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á áhættustýringu Lánaþjóðsins gagnvart stjórninni.

Mikill meiriþluti útlána er fjármagnaður með reglulegri útgáfu í skuldabréfaflokum Lánaþjóðsins og ráðast vaxtakjör af vaxtakjörum á markaði. Endurlánað er með sömu grunnkjörum og lántökurnar að viðbættu vaxtaálagi vegna kostnaðar við útgáfu og rekstur sjóðsins. Með þessum hætti er greiðsluflæði eigna og skulda að miklu leyti jafnt. Lántökugjöld eru engin. Þá veitir Lánaþjóðurinn einnig lán af lausafé sínu (eigin fé) með breytilegum vöxtum en vaxtakjör lána af eigin fé ákváðast af þeim kjörum sem fengist hafa í útboðum sjóðsins á næstliðnum ársfjórðungi.

Helstu einingar í stjórnskipulagi Lánaþjóðsins eru stjórn og framkvæmdastjóri félagsins. Þá hefur stjórn skipað tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og kjörnefnd sem kemur með tillögu að uppstillingu stjórnar fyrir aðalfundi ár hvert. Starfsreglur stjórnar, endurskoðunarnefndar og kjörnefndar er að finna á vefsíðu sjóðsins [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is).

#### 5.5 Endurskoðunarnefnd

Endurskoðunarnefnd Lánaþjóðsins starfar í samræmi við 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006. Stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga hefur sett henni starfsreglur þar sem hlutverk hennar er skilgreint með eftirfarandi hætti:

- Hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
- Hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu
- Hafa eftirlit með endurskoðun ársreiknings
- Meta óhæði endurskoðenda og hafa eftirlit með örðrum störfum hans
- Setja fram tillögu til stjórnar um val endurskoðanda

Endurskoðunarnefnd sjóðsins var skipuð á stjórnarfundi sjóðsins þann 27. apríl, 2022 en hana skipa:

- Helga Benediktsdóttir, formaður, skrifstofustjóri fjárvætingar- og innheimtuskrifstofu Reykjavíkurborgar.
- Guðmundur B. Guðmundsson, nefndarmaður, fyrverandi formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.
- Rut Steinse, nefndarmaður, viðskiptafræðingur af endurskoðunarsviði og fyrverandi lánastjóri Lánaþjóðs sveitarfélaga.

Engir hagsmunarárekstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá einstaklingum í endurskoðunarnefnd og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Viðskiptaheimilisfang nefndarmanna í endurskoðunarnefnd er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

### 6 UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

EKKI hafa orðið óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum eða fjárhagslegri afkomu Lánaþjóðsins frá endurskoðuðum ársreikningi 2021 sem birtur var þann 11. mars 2022. Hins vegar hefur verulega aukin verðbólga haft jákvæð áhrif á afkomu það sem er 2022 þar sem um helmingur eigin fjár er ávaxtaður í verðtryggðum eignum. Það sem er af ári 2022 hafa útlán verið undir meðaltali síðstu ára, en það er í samræmi við væntingar stjórnenda þar sem kosið var til sveitarstjórnar þann 14. maí síðastliðinn.

### 7 STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRN

Stjórn Lánaþjóðs sveitarfélaga hefur æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin ber ábyrgð á stefnumótun félagsins og stærri ákvörðunum á milli hluthafafunda sem m.a. eru tilgreindar í starfsreglum stjórnar. Hún hefur eftirlit með öllum rekstri félagsins og fylgir því eftir að starfsemin sé að jafnaði í réttu og góðu horfi. Hún tryggir að nægilegt eftirlit sé haft með meðferð fjármuna félagsins og góð regla sé á uppgjöri sjóðsins. Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins samkvæmt stefnu og ákvörðun stjórnar. Þá ber framkvæmdastjóri ábyrgð á að greina, mæla, fylgjast með og hafa eftirlit með áhættum sem starfsemi félagsins fylgja. Lagarammi Lánaþjóðsins gerir einnig kröfu um hæfi framkvæmdastjóra en hann þarf að gangast undir sérstakt hæfismat Fjármálaeftirlitsins, en hann hefur staðist framangreint hæfismat.

Framkvæmdastjóri Lánaþjóðsins er Óttar Guðjónsson.

Núverandi stjórn var kjörin á aðalfundi sem haldinn var þann 1. apríl 2022.

Aðalmenn í stjórn:

- Kristinn Jónasson, stjórnarformaður, bæjarstjóri í Snæfellsbæ.

- Helga Benediktsdóttir, varaformaður, skrifstofustjóri fjárvíkingar- og innheimtuskrifstofu Reykjavíkurborgar.
- Elliði Vignisson, aðalmaður, bæjarstjóri í Ölfusi.
- Arna Lára Jónsdóttir, aðalmaður, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.
- Guðmundur Baldvin Guðmundsson, aðalmaður, fyrrverandi formaður bæjarráðs Akureyrarbæjar.

#### Varamenn í stjórn:

- Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri Tálknafjarðarrepps.
- Karen Halldórsdóttir, fv. bæjarfulltrúi i Kópavogi.
- Lilja Einarsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi, Rangárþings eystra.
- Katrín Sigurjónsdóttir, sveitarstjóri Norðurþingi.
- Fannar Jónasson, bæjarstjóri í Grindavík.

Engir hagsmunarékstrar eru milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá framkvæmdastjóra, stjórnarmönnum og varamönnum í stjórn og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Stjórnarmenn eru vanhæfir til að fjalla um lánsumsóknir sveitarfélaga sem þeir tengjast og víkja þeir af fundi í sílum tilfellum. Viðskiptaheimilisfang framkvæmdastjóra, stjórnarmanna og varamanna í stjórn er að Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

## 8 HLUTAFÉ

Við útgáfu útgefandalýsingar þessarar nemur heildarhlutafé Lánsjóðsins 5 milljörðum króna sem hefur verið greitt að fullu. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Hlutir í félagini geta eingöngu verið í eigu íslenskra sveitarfélaga og stofnana eða fyrirtækja sem eru alfarí í eigu þeirra og skal það koma skýrt fram á öllum útgefnum hlutabréfum. Einungis er einn flokkur hlutafjár útgefinn af Lánsjóðnum. Engin sérrettindi fylgja hlutum í félagini. Hluti í félagini má ekki veðsetja eða gefa. Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fórum hlutum og gildir sá réttur hvort sem eigendaskipti verða við sólu eða aðförl. Að félagini frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Lánsjóðurinn er opinbert hlutafélag sem er ekki beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum eins aðila. Reykjavíkurborg er stærsti hluthafinn með 17,47% hlut og eini hluthafinn með virkan eignarhlut (yfir 10%) samkvæmt 40. gr. laga um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002. Tíu stærstu hluthafar Lánsjóðs sveitarfélaga ohf. eru:

- |                           |        |
|---------------------------|--------|
| • Reykjavíkurborg         | 17,47% |
| • Vestmannaeyjabær        | 5,81%  |
| • Kópavogsbær             | 5,52%  |
| • Akureyrarkaupstaður     | 5,46%  |
| • Hafnarfjarðarkaupstaður | 4,25%  |
| • Ísafjarðarbær           | 4,15%  |
| • Garðabær                | 3,76%  |
| • Sveitarfélagið Árborg   | 3,05%  |
| • Reykjanesbær            | 3,03%  |
| • Fjarðabyggð             | 3,00%  |

## 9 DÓMSMÁL OG MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Engin stjórnssýslu- dóms- eða gerðardómsmái eru útistandandi gegn Lánsjóðnum og hafa engin sílik mál komið til á síðstu 12 mánuðum. Stjórn og stjórnendum sjóðsins ekki kunnugt um nein yfirvofandi dómsmál eða mál sem bíla meðferðar.

Útgefandi hefur ekki gert neina mikilvæga samninga utan hefðbundinnar starfsemi Lánsjóðsins sem skipta mál fyrir möguleika sjóðsins á að uppfylla skuldbindingar sínar gagnvart verðbréfæigendum að því er varðar verðbréfin sem verið er að gefa út. Engar mikilvægar breytingar hafa átt sér stað á fjárhagss tölu lánsjóðsins né hafa orðið verulega óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum sjóðsins fá lokum síðasta fjárhagtímabils 31. desember 2021 til dagsetningar grunnlysingar þessarar.

## 10 UPPLÝSINGAGJÖF SAMKVÆMT REGLURAMMA

Samantekt á upplýsingum sem Lánsjóður sveitarfélaga hefur birt samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 596/2014 á næstliðnum tólf mánuðum og skipta mál á dagsetningu lýsingarinnar.

Eðli tilkynningar	Dagsetningar	Efni tilkynningar
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfa skuldabréfa	2022: 16.mars, 16.febrúar 2021: 15. desember, 20. október, 15. september, 18. ágúst,	Niðurstaða úr skuldabréfaútboði

Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfa skuldabréfa	2021: 17. febrúar 2021: 16. september, 19. ágúst	Niðurstaða viðbótarútgáfu í skuldabréfaútboði
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq - árshlutareikningur og ársreikningur	25. ágúst 2021 og 11. mars 2022	
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – útgáfudætlun og breytingar á útgáfudætlun	15. desember 2021 16. mars 2022	
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – aðalfundur	1. apríl 2022	Niðurstaða aðalfundar
Tilkynningar í kauphöll Nasdaq – viðskiptavakt	29. mars 2022	Undirritun aðalmiðlarasamninga

## 11 TILTÆK SKJÖL

Fjárfestar geta óskað eftir grunnlysingu þessari á prentuðu formi og nálgast hana á skrifstofu félagsins í Borgartúni 5, Reykjavík, 5. hæð. Aðgengi að eftirfarandi skjölum verður tryggt á meðan grunnlysing þessi er í gildi. Það verður gert með birtingu á vef félagsins á slóðinni [www.lanasjodur.is](http://www.lanasjodur.is):

- Samþykktir Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktar voru á aðalfundi sjóðsins þann 26. mars 2021
- Stofnsamning Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. sem samþykktur var þann 23. mars 2007
- Græn umgjörð Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. sem vottuð var að Sustainalytics í október 2019
- Vottun Sustainalytics á Grænni umgjörð Lánaþjóðsins sem gefin var út í október 2019

Eftirfarandi upplýsinga eru felldar inn með tilvisun í grunnlysingu þessa og skoðast þar með sem órjúfanlegur hluti af henni:

- Endurskoðaður ársreikningur Lánaþjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 11. mars 2022  
<https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/cb8af4bf-47d3-41de-90cb-66c6d5c410d2>
- Endurskoðaður ársreikningur Lánaþjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2020 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 10. mars 2021  
<https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/d1674a5d-996e-4b14-a63f-a959d74dad0d>
- Endurskoðaður ársreikningur Lánaþjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2019 sem birtur var í Kauphöll Nasdaq hf þann 9. mars 2020  
<https://ml-eu.globenewswire.com/Resource/Download/95798f07-6cb4-40bb-aafa-3195a39c39a4>

